

Föstudaginn 15. október 1982.

Nr. 195/1982. **Ákærvaldið**
 gegn
Eggert Bjarna Arnórssyni.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Halldór Þorbjörnsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðilja var 30. f. m. birtur úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, en með honum synjaði dómariinn, Guðjón St. Marteinsson, fulltrúi sakadómarara í ávana- og fíkniefnamálum, kröfu varnaraðilja um, að hann viki sæti í málinu. Varnaraðili lýsti þegar yfir því, að hann kærði úrskurðinn til Hæstaréttar í því skyni, að úrskurðinum yrði hnekkþar. Dómariinn sendi Hæstarétti gögn málsins 1. þ. m. og ríkissaksóknara sama dag. Greinargerð hefur ekki borist af hálfu ríkissaksóknara.

Samkvæmt 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 getur ríkissaksóknari einn kært eða leyft aðilja að kæra til Hæstaréttar úrskurð héraðsdómara um, að hann skuli eða skuli ekki fara með mál. Ríkissaksóknari hefur ekki veitt leyfi til kæru þessa úrskurðar. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

29. september 1982.

Þann 5. mars 1982 gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur Eggert Bjarna Arnórssyni, fæddum 13. september 1954.

Ásgeir Friðjónsson sakadómari fól fulltrúa sínum Guðjóni St. Marteinssyni málið til meðferðar.

Áðurnefndum Eggert Bjarna var birt ákæran 29. mars 1982, og var málið þingfest hér í dómi 6. apríl 1982.

Við þingfestingu málsins 6. apríl sl. krafðist Eggert Bjarni þess, að dómari viki sæti í málinu. Aðspurður um ástæður þeirrar kröfu sinnar var eftirfarandi bókað eftir Eggert Bjarna í þinghaldi 6. apríl sl.: „ . . . að það sé vegna meintrar ólögmætrar málsmeðferðar í sakadómsmáli nr. 507/1978 auk þess telji ákærði, að ólöglega hafi verið staðið að rannsókni í máli því, er nú sé til meðferðar. Auk þess hafi ákærði kært dómstól þennan til dómismálaráðherra og sé það mál enn óútkljáð og meðan svo sé, þá geti dómstóll þessi ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu.“

Dómari ritaði dómismálaráðuneyti bréf, dags. 13. apríl sl., og spurðist fyrir um ofangreinda „kæru“. Svar barst frá dómismálaráðuneyti með bréfi, dags. 16. apríl sl. Með bréfi ráðuneytisins fylgdi afrit af bréfi til Eggerts Bjarna vegna ofangreindrar „kæru“, þar sem tekið var fram, að „kæran gæfi ekki tilefni til aðgerða af hálfu ráðuneytisins.“

Áður hefur verið gerð krafa um, að dómari hér við embættið viki sæti vegna ofangreindrar „kæru“. Átti sér það stað í sakadómsmáli nr. 827/1981. Var síðar fjallað um þá úrskurði í hæstaréttarmálinum nr. 232/1981 og 233/1981 og síðar aftur í hæstaréttarmálinum nr. 242/1981 og 243/1981.

Í þinghaldi hér fyrir dómi 6. apríl 1982 var Páll A. Pálsson hæstaréttarlögmaður skipaður verjandi Eggerts Bjarna í sakadómsmáli nr. 916/1982. Var verjanda í lok þess þinghalds afhent framlögð gögn í málinu til afnota. Var skipuðum verjanda síðan í þinghaldi 28. maí sl. gert að skila skriflegri greinargerð vegna kröfu þeirrar, er hér er til úrskurðar. Skilaði verjandi greinargerð 3. júní sl. Í fyrrnefndri greinargerð segir:

„Ákærði telur, að Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum, og fulltrúar hans séu ekki færir um að taka hlutlæga afstöðu í máli hans vegna fyrri afskipta dómars og fulltrúa hans að ýmsum málum ákærða, og telur ákærði, að framferði dómars og fulltrúa hans hafi verið með þeim hætti, að þeir geti ekki talist hlutlausir, þegar taka þarf afstöðu til hans mála nú. Sakadómari Ásgeir Friðjónsson hafi haft óeðlilega mikið afskipti af öllum rannsóknum þessa máls og annarra og ýmis miður falleg orð hafi fallið í garð ákærða, er hann mætti fyrir dómi.“

Verjandinn, Páll A. Pálsson, hafði öll framlögð gögn í málinu til afnota, er áðurnefnd greinargerð var samin. Lögmaðurinn hefur engum haldbærum rökum skotið undir tilvitnaðar fullyrðingar og ekki nefnd einstök tilvik.

Þá segir í áðurnefndri greinargerð:

„Ein af ástæðunum fyrir því, að ákærði telur dómara við ávana- og fíkniefnadómstólinn ekki hlutlausa, er, að þeir hafi vísvitandi stungið undan skjölum við rannsókn í málum hans. Kveðst ákærði hafa, meðan hann var í gæsluvarðhaldi, sent 13 bréf til dómara og þau hafi ekki komið fram. Þá hafi hann sent bréf til Dagblaðsins, en það bréf hafi verið gert upptækt að tilhlutan dómara. Einnig hafi verið send bréf til lögreglumanna og yfirfangavarðar, en þau hafi hvergi komið fram. Ennfremur hafi hann sent dómara skriflega afturköllun og ógildingu á játningum sínum í þessu máli, en það komi hvergi fram í skjölum málsins.“

Bréf þau, er hér er vitnað til, þóttu, er fram komu, og þykja enn, þannig, bæði að efni og framsetningu, að þau væru ekki til þess fallin að leggja fram í dómi. Þau eru þó látin fylgja hér vegna tilvitnunar í þau í greinargerð verjanda. Um afturköllun játninga má vísa til framburðar ákærða fyrir dómi, eftir að umrædd bréf eru rituð. Þá má vitna til ummæla Ásgeirs Friðjónssonar sakadómara í úrskurði, uppkveðnum 27. sept., sbr. dómskal nr. 1.

Í margáðurnefndri greinargerð segir:

„Málsmeðferð í fyrra máli hefur skjólstæðingur minn mót-mælt og krefst ómerkingar fyrir Hæstarétti. Hann telur, að sér hafi verið skipaður verjandi, án þess að haft væri samráð við sig og lögvarinn réttur hans þannig sniðgenginn. Þá telur ákærði, að málsmeðferð öll í því máli og við rannsókn þessa máls ein-kennist af óvild í hans garð og að dómarar hafi margítrekað hagrætt bókunum til þess að gera hlut hans verri en til stóð og stundum hafi þeir ekki viljað bóka það, sem ákærði vildi láta hafa eftir sér.“

Eggert Bjarni áfrýjaði til Hæstaréttar Íslands dómi í hinu tilvitnaða „fyrra máli“, og verður ekki um það fjallað frekar hér.

Fullyrðingar um, að bókunum hafi verið hagrætt ítrekað með það í huga að gera hlut ákærða verri en efni stóðu til og að neit-að hafi verið að bóka eftir ákærða undir rannsókn málsins, eru allt fullyrðingar alvarlegs eðlis og órökstuddar með öllu.

Loks segir í áðurnefndri greinargerð:

„Ákærði heldur því fram, að fruntalegar aðgerðir fíkniefna-dómstólsins við ákærubirtingu síðastliðið haust beri þess glögg-an vott, að dómarar geti ekki litið hlutlaust á mál hans. Nefnd-ar aðfarir hefur ákærði kært með bréfi til dómsmálaráðherra,

dags. 11. nóv. 1981, og jafnframt hefur hann ásamt öðrum staðið að tveimur öðrum kærnum á sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum. Vegna þessara kærnumála er enn frekari ástæða til að ætla, að dómari fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu.“

Ákærða var birt ákæra í máli þessu 29. mars 1982. Þykir því einsýnt, að hið tilvitnaða atvik hafi átt sér stað 4. nóvember 1981. Ákærði var við greint tilvik færður fyrir dómara eftir að hafa ekki sinnt boðun þar um. Má hér vísa til dómskjals nr. 2, sbr. endurrit þinghalds 4. nóvember 1981.

NÍÐURSTÖÐUR.

Dómari ákvað með vísan til 2. mgr. 37. gr. laga 85/1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga 74/1974, þar sem segir, að dómari úrskurði sjálfur um það, hvort hann víki sæti, að úrskurðað skyldi í tvennu lagi um kröfu ákærða um sætisvikningu dómara.

Ásgeir Friðjónsson sakadómari hafnaði með úrskurði, uppkveðnum 27. sept., þeirri kröfu ákærða, að hann teldist vanhæfur til að vinna eða láta vinna að máli því, er hér er til meðferðar.

Í úrskurði þessum er aðeins fjallað um það, hvort Guðjón St. Marteinsson fulltrúi teljist vanhæfur til að vinna að máli þessu.

Að öllu ofanrituðu virtu og að athuguðum gögnum málsins þykir ekkert það koma fram, er valdi vanhæfi Guðjóns St. Marteinssonar fulltrúa til að vinna að sakadómsmáli nr. 916/1982: Ákæruvaldið gegn Eggert Bjarna Arnórssyni.

Engum rökum hefur verið skotið undir fullyrðingar, er fram koma í áðurnefndri greinargerð, sem rakin hefur verið.

Dómara er ekki kunnugt um neitt það, er valdið getur því, að hann skuli víkja sæti ex officio, sbr. 36. gr. laga 85/1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga 74/1974.

Samkvæmt því, er að ofan er rakið, verður krafa Eggerts Bjarna Arnórssonar ekki tekin til greina.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu Eggerts Bjarna Arnórssonar um, að Guðjón St. Marteinsson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, víki sæti í sakadómsmáli nr. 916/1982.